

## 11. grein - Rangstaða – Túlkun laganna og leiðbeiningar til dómara

### Núverandi texti (síðast breytt 2012):

Í samhengi við 11. grein knattspyrnu-laganna um rangstöðu gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- "að hafa áhrif á leikinn" þýðir að leika knettinum eða snerta hann eftir sendingu eða snertingu samherja
- "að trufla mótherja" þýðir að hindra mótherja í því að leika knettinum eða fær um að leika honum með því vera greinilega fyrir í sjónlínu eða hreyfingarlínu mótherjans eða með því eða að beita látbragði eða hreyfingu sem villir um fyrir eða ruglar mótherja að mati dómarans
- "að hafa hagnað af þeirri stöðu sinni" þýðir að leika knetti sem hrekkur til hans af markstöng eða þverslánni, eftir að hafa verið í rangstöðu, eða að leika knetti sem hrekkur til hans af mótherja eftir að hafa verið í rangstöðu

### Nýr texti (tekur gildi 1. maí 2014 á Íslandi):

Í samhengi við 11. grein knattspyrnu-laganna um rangstöðu gilda eftirfarandi skilgreiningar :

- "að hafa áhrif á leikinn" þýðir að leika knettinum eða snerta hann eftir sendingu eða snertingu samherja
- "að trufla mótherja" þýðir að hindra mótherja í því að leika knettinum eða vera fær vera um að leika honum með því að vera greinilega að fyrir í sjónlínu mótherjans eða **með því að sækja að mótherja til þess að reyna að vinna knöttinn.**
- "að hafa hagnað af þeirri stöðu sinni" þýðir að leika knetti:
  - (i) sem hrekkur til hans **eða tekur stefnu-breytingu** til hans af markstöng, þverslá eða mótherja eftir að hafa verið í rangstöðu
  - (ii) **sem tekur stefnubreytingu, hrekkur eða er leikið til hans eftir viljandi björgun mótherja, eftir að hafa verið í rangstöðu**

**Leikmaður í rangstöðu sem fær knöttinn til sín frá mótherja, sem leikur knettinum viljandi (nema eftir viljandi björgun), telst ekki hafa haft hagnað af þeirri stöðu sinni.**

### **Ástæða**

Núverandi orðalag skapar miklar umræður og gefur of mikið svigrúm til mismunandi túlkana og er ekki nógu nákvæmt. Nýi textinn samræmist betur raunverulegum aðstæðum sem skapast geta í leikjum og mun því eyða þeim ruglingi sem felst í því hvað við sé átt þegar talað er um að knötturinn hrökkvi til leikmanns eða taki stefnubreytingu til hans annars vegar og þegar um er að ræða að mótherji (varnarmaður eða markvörður) hafi viljandi bjargað hins vegar.